

Siðareglur stjórnenda stofnanna Stykkishólmsbæjar

1.gr.

Markmið siðareglanna

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem stjórnendur stofnanna Stykkishólmsbæjar ber að sýna við störf sín á vegum sveitarfélagsins.

2.gr.

Lög og reglur

Stjórnandi gætir þess í störfum sínum að fylgja lögum, reglum og samþykktum sem við eiga sem og sannfæringu sinni. Honum ber að gæta hagsmuna sveitarfélagsins og að setja almenna hagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin, annarra einstaklinga eða einstakra hópa .

3.gr.

Ábyrgð og upplýsingar

Stjórnendum ber að gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi, gæta kurteisi, lipurðar og réttisýni og veita þeim sem til hans leitar aðstoð og leiðbeiningar. Stjórnendur skulu vera reiðubúnir að axla ábyrgð á ákvörðunum sínum og rökstyðja þær.

4.gr.

Ráðdeild í fjármálum

Stjórnendum stofnanna ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé íbúa Stykkishólmsbæjar. Við störf sín skulu þeir ekki aðhafast neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé, svo sem einkanotkun á byggingum bæjarins, bílum tækjum eða verkfærum nema slík heimild falli undir heimildir sem ákveðnar eru af bærarstjórn. Stjórnendur skulu virða stjórnsýslueftirlit og úttektir, sem framkvæmdar eru af endurskoðendum bæjarins og öðrum til þess völdum aðilum, og leggja sitt af mörkum til þess að markmið þess náist.

5.gr.

Trúnaður

Stjórnendur gæta þagmælsku og trúnaðar um málefni sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um. Trúnaðarskylda helst þótt látið sé af starfi.

6.gr.

Stöðuveitingar

Stjórnendum ber að gæta þess að þegar skipað er í stöður verði einstaklingum ekki veitt starf eða stöðuhækkun hjá sveitarfélaginu á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið og gæti þess, þegar þeir koma sjálfir að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið.

7.gr.

Hagsmunaárekstur

Stjórnendur skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Þegar stjórnandi á óbeinna eða beinna persónulegra hagsmuna að gæta í máli sem er til umfjöllunar hjá sveitarfélaginu, skal hann gera grein fyrir þessum hagsmunum áður en umræður fara fram og ákvörðun tekin.

8.gr.

Gjafir og friðindi

Stjórnendur þiggja ekki gjafir frá íbúum og viðskiptavinum Stykkishólmsbæjar, eða þeim sem leita eftir verkefnum eða þjónustu sveitarfélagsins, sem túlka megi sem persónulega þóknun.

9.gr.

Miðlun og endurskoðun

Stjórnendum ber að tileinka sér siðarreglur þessar og með undirskrift sinni staðfesti þeir vilja sinn til að hafa þær að leiðarljósi við störf sín. Siðarreglur stjórnenda Stykkishólmsbæjar hvers tíma skulu vera hluti af starfsskyldum þeirra. Siðareglur þessar skulu vera aðgengilegar á heimasíðu Stykkishólmsbæjar.

Siðarreglurnar skulu teknar til umræðu í bæjarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils og endurskoðaðar ef þörf þykir.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 25.6. 2015

